

Skýrsla

um starfsemi áfrýjunarnefndar samkeppnismála

á árinu 2010

1. Inngangur

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að skriflega kæra skuli berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina og að úrskurður áfrýjunarnefndar skuli liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti. Áfrýjun frestar hins vegar ekki gildistöku ákvarðana Samkeppniseftirlitsins.

Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír nefndarmenn og jafnmargir til vara. Eru nefndarmenn skipaðir af viðskiptaráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála er skipuð þannig:

Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, formaður.
Anna Kristín Traustadóttir, viðskiptafræðingur.
Stefán Már Stefánsson, prófessor.

Varamenn:

Lárus L. Blöndal, hæstaréttarlögmaður, varaformaður.
Brynhildur Benediktsdóttir, hagfræðingur.
Kristín Benediktsdóttir, héraðsdómslögmaður.

Ritari áfrýjunarnefndar er Sonja M. Hreiðarsdóttir, héraðsdómslögmaður.
Netfang: afryjun.samkeppni@simnet.is Sími: 849 1309

Kærur til áfrýjunarnefndar sendast á eftirfarandi heimilisfang:
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála
c/o Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.
Lágmúla 7, 2. hæð
108 Reykjavík

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

2. Málafjöldi

Á árinu 2010 voru *fjórtán mál* skráð hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Þar af voru ellefu kærur, eitt erindi umboðsmanns Alþingis og tvö erindi til áfrýjunarnefndar. Árið áður (2009) voru *átján mál* skráð hjá áfrýjunarnefndinni. Málin voru mjög mis veigamikil. Þau voru öll skriflega flutt utan eitt mál þar sem fram fór munnlegur málflutningur.

Eftirtalin mál bárust nefndinni á starfsárinu og þeim lauk sem hér greinir:

| | | úrskurður | ákvörðun | svarað | afturkallað |
|---------------|-----------------------------|------------|------------|-----------|-------------|
| NR. 1 | Halldór Guðbjarnason | 15.3.2010 | | | |
| NR. 2 | Síminn hf. | 28.4.2010 | | | |
| NR. 2 | úrsk v/frestun réttaráhr. | 15.3.2010 | | | |
| NR. 3 | Valitor hf. | 9.2.2010 | | | |
| NR. 4 | Framvörðu ehf. | 17.5.2010 | | | |
| NR. 5 | Lyf og heilsa hf. | 11.6.2010 | | | |
| NR. 6 | Umboðsmaður Alþingis | | | 27.4.2010 | |
| NR. 7 | Samtök ferðapjónustunnar | 31.5.2010 | | | |
| NR. 8 | Samtök iðnaðarins og Málmur | 27.8.2010 | | | |
| NR. 9 | Valitor hf. | 27.8.2010 | | | |
| NR. 10 | Tónskóli Hörpunnar | 27.8.2010 | | | |
| NR. 11 | Beiðni TSC ehf. um gögn | | 16.12.2010 | | |
| NR. 12 | Vifilfell hf. | 1.11.2010 | | | |
| NR. 13 | Auðkenni hf. | 31.12.2010 | | | |
| NR. 14 | Beiðni Fjölg. ehf. um gögn | | | | 13.12.2010 |

3. Ýmis flokkun

Þau mál sem kærð voru til nefndarinnar voru fjölbreytt og nefndin hefur til glöggvunar stuðst við ákveðna flokkun á málum eftir því á hvaða mörkuðum þau áttu rót sína að rekja, ásamt því að flokka niður eðli viðkomandi mála:

- a. atvinnuvegir
 - 1. fjarskipti, upplýsingatækni og fjöлmiðlun – 2 mál
 - 2. fjármálaþjónusta – 5 mál
 - 3. mennta og menningarmál – 1 mál
 - 4. neysluvörur, rekstrarvörur ofl. – 3 mál
 - 5. samgöngur og ferðamál – 1 mál
 - 6. sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta – 2 mál
- b. sektarmál – 2 mál
- c. ólögmætt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu – 5 mál
- d. beiðni um afhendingu gagna/aðgang að upplýsingum – 6 mál

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

- e. höfnun á frekari rannsókn – 3 mál
- f. endurupptökubeiðni – 1 mál
- g. undanþágubeiðni – 1 mál
- h. umboðsmaður Alþingis – 1 mál.

4. Um starfshætti nefndarinnar

Ritari áfrýjunarnefndar tekur við öllum erindum til nefndarinnar og sér í flestum tilvikum um samskipti við málsaðila. Nefndin hefur ekki fasta starfsaðstöðu heldur fundar á skrifstofu formanns þegar fjallað er um einstök mál. Ekki er því um að ræða sérstakan kostnað vegna starfsaðstöðu en nefndarmenn fá hins vegar greiðslu úr ríkissjóði vegna vinnu að þeim málum sem berast nefndinni. Eru þær mismunandi eftir því hversu viðamikil og tímafrek mál eru.

Allir nefndarmenn sinna störfum sínum fyrir nefndina samhliða aðalstarfi sínu. Meðal annars af þeim sökum kemur nokkuð oft til þess að kalla þarf til varamenn vegna vanhæfis aðalmanna. Varamenn voru kallaðir til í sjö málum og alltaf þannig að einn aðalmaður vék sæti og einn varamaður kom inn. Í einu máli voru tveir aðalmenn og þeirra varamenn vanhæfir og voru þá nefndarmenn skipaðir af Hæstarétti til þess að taka sæti í nefndinni.

Samkvæmt lögum þarf að ljúka úrskurði á mál innan sex vikna frá því að mál berst áfrýjunarnefndinni. Sá frestur er í styrra lagi og kom það ítrekað fyrir að nefndinni tókst ekki að halda sig innan þess frests. Eðli veigameiri mála gerir það að verkum að eftir að kæra berst ásamt fylgiskjölum þarf að veita Samkeppniseftirlitinu frest til tjá sig um framkomna kæru. Sú venja hefur skapast að málflutningur fyrir nefndinni er skriflegur og því eru kærur oft mjög ítarlegar. Samkeppniseftirlitið svarar því yfirleitt sjónarmiðum í kæru með ítarlegri greinargerð. Í framhaldinu er kæranda yfirleitt gefinn kostur á að tjá sig um greinargerð Samkeppniseftirlitsins og að lokum fær Samkeppniseftirlitið að gera athugsemdir. Allt þetta tekur nokkurn tíma og er oft komið nálægt lokum lögbundins málsmeðferðartíma þegar allar greinargerðir og athugasemdir hafa borist.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Öllum málum sem nefndinni bárust á árinu 2010 lauk með úrskurði eða annarri afgreiðslu innan ársins. Ljóst er þó að til að virða lögbundna málsmeðferðartíma þarf nefndin að veita málsaðilum styttri fresti til andmæla og framlengja þá ekki nema sérstakt tilefni sé til.

5. Málayfirlit

Mál nr. 1/2010: Halldór Guðbjarnarson gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um kröfu H um afhendingu gagna á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga í máli SE nr. 4/2008. Niðurstaða málsins var að H teldist ekki aðili að máli nr. 4/2008 og var málínus vísað frá áfrýjunarnefndinni.

Mál nr. 2/2010: Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um samskipti S og fyrirtækis sem störfuðu bæði á markaði fyrir sölu á internettengingum og internetþjónustu og höfðu bæði fjarskiptaleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Til athugunar var hvort samskiptin fæli í sér brot á skilyrðum sem samkeppnisráð setti í ákvörðun nr. 10/2005 fyrir samruna S við Íslenska sjónvarpsfélagið hf. og S gekkst undir að hlíta. Niðurstaðan var sú að fallist var á að S hefði brotið gegn ákvæðum ákvörðunarinnar og var S gert að greiða kr. 50.000.000 í stjórnvaldssekt.

Mál nr. 3/2010: Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um beiðni V um aðgang að upplýsingum um nöfn viðskiptamanna og verð sem tilgreind voru í kvörtun fyrirtækis sem sakadí V um að hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga í starfsemi sinni og gegn sátt við SE. V hafði áður fengið afhent umbeðin gögn hjá eftirlitinu að frátöldum ákveðnum kafla í kvörtuninni. Niðurstaða málsins var að ákvörðun SE þess efnis að neita V um aðgang að upplýsingum var staðfest.

Mál nr. 4/2010: X gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um það að X hafði kvartað til SE yfir því að samkeppnisaðili misnotaði markaðsráðandi stöðu sína. SE hafði komist að þeirri niðurstöðu að X hefði ekki sýnt fram á að líklegt væri að hegðun umrædds fyrirtækis fæli í sér brot á samkeppnislögum og að ekki væri ástæða til frekari skoðunar málsins. X krafðist þess að ákvörðun SE yrði felld úr gildi og eftirlitinu yrði gert að rannsaka málið. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE um að hafna því að hefja rannsókn í málín.

Mál nr. 5/2010: Lyf og heilsa hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um opnum nýs apóteks á Akranesi en þar var fyrir lyfjaverslun sem L rak og hafði það verið eina lyfjaverslunin á staðnum frá árinu 2000. Eigandi hins nýja apóteks kvartaði yfir aðgerðum L til SE. Niðurstaða SE var að L hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með aðgerðum sínum sem L kærði til áfrýjunarnefndarinnar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE og var L gert að greiða kr. 100.000.000 í stjórnvaldssekt.

Mál nr. 6/2010: Fyrirspurn Umboðsmanns Alþingis

Fyrirspurn barst frá Umboðsmanni Alþingis. Fyrirspurninni var svarað og umbeðin gögn send umboðsmanni.

Mál nr. 7/2010: Steinsnar gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um beiðni S um endurupptöku á ákvörðun SE nr. 25/2009. SE hafði synjaði um endurupptöku á grundvelli þess að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 væru ekki uppfyllt. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE um að synja S um endurupptöku.

Mál nr. 8/2010: Samtök iðnaðarins og Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um að S hafði kvartaði til SE og farið þess á leit að eftirlitið myndi mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað tiltekins rekstarþáttar hjá V og að gætt yrði að því að umræddur samkeppnisrekstur væri ekki niðurgreiddur í raun af annarri starfsemi V og/eða af bæjarsjóði V. SE hafnaði því að fjalla um erindið með vísan til málsmeðferðarreglna eftirlitsins. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE um að hefja ekki rannsókn eða taka erindi S til frekari meðferðar.

Mál nr. 9/2010: Valitor gegn Samkeppniseftirlitinu

Mál þetta fjallar um afgreiðslu SE á beiðni Kortábjónustunnar ehf. um afrit af öllum gögnum sem tilgreind voru á gagnalista og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 var reist á. SE varð við beiðninni og afhenti umbeðin gögn. V krafðist þess fyrir áfrýjunarnefndinni að ákvörðun SE um afhendingu gagnanna yrði felld úr gildi og eftirlitinu yrði gert skylt að endurheimta hin afhentu gögn.

Í niðurstöðu málsins kemur fram að skv. 9. gr. samkeppnislaga sæta ákvarðanir SE kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en að ákvörðun SE um afhendingu gagna í þessum máli byggi á meginreglum upplýsingalaga nr. 50/1996 um almennan aðgang að upplýsingum. Áfrýjunarnefndin vísaði málinu frá.

Mál nr. 10/2010: Tónskóli Hörpunnar gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um það að T hafði kvartað til SE um brot Reykjavíkurborgar við úthlutun og skiptingu fjár borgarinnar til tónlistarskóla. SE hafnaði að fjalla um erindið með vísan til málsmeðferðarreglna eftirlitsins og taldi að með vísan til erindis T, fyrilliggjandi gagna og lagaheimilda gæfi erindið ekki nægar ástæður til rannsóknar. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE um að hefja ekki rannsókn eða taka erindi T til frekari meðferðar.

Mál nr. 11/2010: Beiðni TSC ehf. um afhendingu á afritum gagna í máli nr. 2/2010.

T óskaði eftir því að fá aðgang að gögnum sem lögð voru fram við meðferð máls áfrýjunarnefndarinnar nr. 2/2010: *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Byggðist beiðnin á upplýsingalögum og á stjórnsýslulögum. Áfrýjunarnefndin tók ákvörðun um

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

að afhenda hluta af umbeðnum gögnum en að hafna afhendingu á hluta á grundvelli þess að um trúnaðargögn væri að ræða.

Mál nr. 12/2010: Vífilfell gegn Samkeppniseftirlitnu

Málið fjallaði um það að SE hafði til rannsóknar hugsanlegt brot V gegn 11. gr. samkeppnislaga. Var V gefin kostur á að tjá sig um efni andmælaskjals vegna málsins en því fylgdi númeraður listi yfir gögn málsins sem að V óskaði eftir afriti af. SE afhenti V öll gögn nema þau sem SE taldi sæta trúnaði. V óskaði eftir því að fá þau gögn afhent en SE hafnaði þeirri beiðni með ákvörðun sem kærð var til áfrýjunarnefndarinnar. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE um að synja V um aðgang að gögnunum að öðru leyti en því að afhenda skyldi ákveðin skjöl sem ekki voru talin vera trúnaðarskjöl.


Mál nr. 13/2010: Auðkenni hf. gegn Samkeppniseftirlitnu

Mál þetta fjallar um beiðni A um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, í samræmi við ákvæði 15. gr. laganna, til þess að standa að tilteknum rekstri. SE samþykkti að veita undanþágu til 31. desember 2011 ásamt því að setja tiltekin skilyrði fyrir undanþágunnini. A gerði ekki athugasemdir við umrædd skilyrði en taldi að undanþáguheimildinni væri markaður of skammur tími og kærði niðurstöðu SE hvað það atriði varðar. Áfrýjunarnefndin ógilti þann hluta hinnar kærðu ákvörðunar er varðaði tímalengd undanþáguheimildarinnar og vísaði því til nýrrar meðferðar og ákvörðunar SE.

Mál nr. 14/2010: Beiðni Fjölgreiðslumiðlunar hf. um afhendingu gagna í málí áfrýjunarnefndarinnar nr. 9/2010.

Málið var afturkallað af hálfu F.

Reykjavík, 11. mars 2011



Stefán Már Stefánsson Anna Kristín Traustadóttir Jóhannes Karl Sveinsson